

SEEDS og Garðabær - mögulegt samstarf 2019

Til : GarðabærGunnar EinarssonAnna María GuðmundsdóttirArinbjörn Vilhjálmsson
Frá : verkefnastjóri@seeds.is
Heiti : SEEDS og Garðabær - mögulegt samstarf 2019
Málsnúmer : 1811107
Málsaðili : SEEDS (See Beyond Borders)
Skráð dags : 02.11.2018 13:00:32
Höfundur : SEEDS - Verkefnastjóri

Til þess sem málið varðar,

Lara heiti ég og er verkefnastjóri fyrir SEEDS, sem eru íslensk sjálfbóðaliðasamtök stofnuð árið 2005. SEEDS tekur á móti erlendum sjálfbóðaliðum til þess að sinna fjölþættum verkefnum á sviði umhverfis-, menningar- og félagsmála í samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, stofnanir og sveitarfélög. SEEDS samtökin eru vottuð af Erasmus . Siðan samtökin voru stofnuð, SEEDS og samstarfsaðilar víðs vegar um landið hafa staðið fyrir hundruðum verkefna og tekið á móti yfir sjö þúsund sjálfbóðaliðum, til lengri eða skemmri tíma, frá um 70 löndum.

Mörg þeirra hafa falist í fegrun umhverfisins með hreinsun og gróðursetningu, önnur í bættu aðgengi fyrir ferðamenn með lagningu og viðhaldi göngustíga, svo eitthvað sé nefnt. Sjálfbóðaliðar SEEDS hafa einnig aðstoðað við undirbúning og framkvæmd ýmissa hátíða og menningarviðburða. Á sviði félagsmála hafa sjálfbóðaliðar SEEDS m.a. aðstoðað Rauða krossinn við fjáröflun á aðventunni. Þá tóku hópar frá SEEDS þátt í hreinsunarstarfi eftir eldgosíð í Eyjafjallajökli. SEEDS hefur einnig unnið í ýmsum umhverfisverkefnum t.d. í samstarfi við Skógræktarfélagi Íslands og Umhverfisstofnun.

Verkefnin eru alla jafna tvær vikur með 6 - 16 sjálfbóðaliðum í hverju verkefni. Samstarfsaðilinn (gestgjafinn) útvegar fæði, húsnæði og einhverja afþreyingu á meðan verkefninu stendur. Hópurinn annast oftast sjálfur matreiðslu og svefnaðstaðan er yfirleitt svefnpokapláss. Sjálfbóðaliðar vinna allt að 8 tíma á dag, fimm daga vikunnar. Fyrir hópunum fer ávallt hópstjóri frá SEEDS, sem hlotið hefur sérstaka þjálfun. Sjálfbóðaliðarnir eru yfirleitt duglegt fólk sem komið er hingað til lands til þess að vinna og leggja góðum málefnum lið.

Verkefnin skulu fela í sér eitthvert fræðslu- eða menntunargildi til að tryggja að sjálfbóðaliðarnir öðlist nýja reynslu og þekkingu. Verkefnin skulu vera til framdráttar fyrir samfélagið og sjálfbóðaliðum skulu ekki vera falin störf sem alla jafna væri greitt fyrir. SEEDS sér um alla umsýslu við móttöku sjálfbóðaliðanna, og kemur sjálfbóðaliðunum alla jafna til og frá áfangastað. SEEDS sér einnig til þess að allir sjálfbóðaliðarnir séu sjúkra- og slysatryggðir.

Samtökin eru alltaf að leita eftir nýjum verkefnum til að anna þeirri miklu eftirspurn sem er eftir því að koma hingað til lands. Við erum að leita eftir verkefnum fyrir sumarið 2019, júlí, ágúst og september í samstarfi við sveitafélög víða um landið.

Það væri frábært að heyra frá ykkur ef þið hafið áhuga á samstarfi við SEEDS.
Nánari upplýsingar um starfsemi SEEDS má finna á vefsíðu okkar: www.seeds.is

Kær kveðja

-

Lara Roje

Verkefnastjóri / Project Manager

SEEDS - Sjálfbærliðar umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

www.seeds.is

www.facebook.com/seedsiceland

Ph: 354-7713300

-

Please think twice about our environment before printing out this message or any of the documents enclosed.